



Ársskýrsla 2024





Einyrkja- og frumkvöðlakaffi, mynd HHR

Nýheimar þekkingarsetur

Ársskýrsla 2024

Ritstjóri:	Hugrún Harpa Reynisdóttir
Texti:	Hugrún Harpa Reynisdóttir Sigrún Inga Sigurgeirsdóttir Lilja Jóhannesdóttir
Umbrot:	Nejra Mesetovic
Ljósmyndir:	Hugrún Harpa Reynisdóttir Nejra Mesetovic Tim Junge Þorsteinn Roy Jóhannsson
Forsíðumynd:	Blóðberg, mynd HHR
Prófarkarlestur:	Sigrún Inga Sigurgeirsdóttir
Útgefandi:	Nýheimar þekkingarsetur Litlubrú 2, 780 Höfn í Hornafirði Sími: 470 8088 Útgáfa: apríl 2025

Efnisyfirlit

Formáli forstöðumanns	1
Skýrsla stjórnar	3
Starfsemi Nýheima þekkingarseturs	4
Starfsfólk.....	6
Verkefni ársins 2024	7
Námsver Nýheima og þjónusta við háskólanema	7
Ráðgjöf og þjónusta við frumkvöðla og atvinnulíf	8
Fjölmennning á Suðurlandi.....	8
Samstarf um stoðir Nýheima	9
Nýsköpunarnet Hornafjarðar	9
Menntahvöt Hornafjarðar	10
Rannsóknahópur Nýheima	11
Innlend samstarfsverkefni og þjónustuverkefni.....	12
HeimaHöfn.....	12
Hornafjörður náttúrulega	16
Samtök þekkingarsetra	17
Erlend samstarfsverkefni	18
Fjárhagur	19





Hugrún Harpa, forstöðumaður setursins, mynd PRJ

Formáli forstöðumanns

Ellefta starfsári Nýheima þekkingarseturs er lokið og líkt og undanfarin ár hefur starfsfólk setursins haft í nógu að snúast. Vinna að innra starfi setursins var fremur umfangsmikil þar sem unnið var að stefnumörkun og samningagerð við lykilaðila. Vissum áfanga var náð þegar lokið var við endurnýjun samnings við ríki en að henni hafði verið unnið um nokkurt skeið. Setrið starfar því nú samkvæmt samningi við háskóla-, iðnaðar-, og nýsköpunarráðuneytið (HVIN) og skipulagsskrá. Samkvæmt skipulagsskrá hverfist starfsemi NP um fjórar stoðir; menntun, menningu, nýsköpun og rannsóknir. Skipulagsskrá kveður á um hlutverk setursins á sviði stoðanna til eflingar byggðar á Suðausturlandi. Samningur við HVIN skilgreinir hlutverk setursins um nám á háskólastigi, nýsköpun og rannsóknir. Með nýjum samningi er hlutverk setursins á sviði háskólaþjónustu skilgreint með skýrari hætti en áður var. Þrátt fyrir að þetta hlutverk hafi ekki verið skýrt skilgreint fram til þessa þá hefur setrið sinnt þjónustu við háskólanema á svæðinu með námsaðstöðu og prófþjónustu í Nýheimum frá árinu 2017. Með tilkomu nýs samnings mun setrið, frá 1. janúar 2025, afnema þau gjöld sem nemendur hafa greitt til setursins fyrir prófþjónustu. Þetta er stórt framfaraskref í að bæta aðgengi að menntun fyrir alla.

Allt frá stofnun setursins hafa hugsjón og ástríða fyrir málefnum og velferð samfélagsins endurspeglast í markmiðum þess og áherslum. Undirrituð lauk formála síðustu ársskýrslu á að fjalla um mikilvægi þess að hafa, á vissum tímamótum, kjark til þess að líta gagnrýnum augum inn á við og meta hvað hefur gengið vel og hvað megi efla og bæta. Húsnæði Nýheima er vettvangur þeirra öflugu stofnana sem hér starfa og hafa málefni hússins verið nokkuð áberandi í samtali um eflingu þekkingarsamfélags Nýheima. Mikilvægt er að húsnæði eins og Nýheimar, sem er ætlað að vera vettvangur samfélagsins, sé viðhaldið á þann hátt að búnaður þess og aðstaða fylgi tíðaranda og tækniþróunum. Er það forsenda þess að húsnæðið nýtist sem best og hægt sé að nýta þau fjölmörgu tækifæri sem það hefur upp á að bjóða. Ýmsar hugmyndir hafa verið uppi er tengjast mögu-legum breytingum sem geta aukið nýtingu einstakra rýma sem og hússins í heild. Bind ég vonir við að nú fari að styttest í uppfærslu á húsinu og búnaði þess svo húsið eflist enn frekar sem vettvangur samfélagsins og þess þekkingarsamfélags sem hér er.

Áhersla setursins á eflingu byggðar hefur meðal annars birst í starfi þess með ungu fólki. Það starf hefur falið í sér rannsóknir meðal ungmenna á viðhorfum þeirra, líðan og aðstæðum í okkar samfélagi. Áhersla hefur verið lögð á að mæta þeirri þörf sem rannsóknir hafa leitt í ljós með ýmsum valdeflandi og fræðandi viðburðum.

Á árinu 2024 réðst setrið í sitt stærsta ungmenna verkefni fram til þessa þegar þróunarverkefnið HeimaHöfn hófst. Verkefnið er þróað fyrir samfélagið í Sveitarfélaginu Hornafirði og miðar að því að efla tengsl og fjölga tækifærum fyrir ungt fólk í Hornafirði. Verkefnið hefur nú þegar vakið verðskuldaða athygli og bindum við vonir við að það geti verið öðrum samfélögum á landsbyggðinni hvatning og til hagnýtingar. Nánar er fjallað um verkefnið í skýrslu þessari en einnig má kynna sér verkefnið á heimasíðu þess, www.heimahofn.is.

Þegar þetta er skrifað hefur starfsfólki setursins fjölgað og eru starfsmenn þess nú fjórir talsins í 3,5 stöðugildum. Í fyrsta sinn í sögu setursins hefur starfsmaður þess aðsetur utan Nýheima en Eva Bjarnadóttir verkefnastjóri er staðsett í Örfum með viðveru á völdum dögum í Nýheimum. Setrið er stofnun allra íbúa sveitarfélagsins og er það því í mínum huga framfaraskref að starfsmaður hafi nú aðsetur utan Nýheima og trúi ég að það muni efla tengsl setursins við sveitirnar. Líkt og húsnaði Nýheima þarf að fylgja þróun samfélagsins þá þurfa stofnanir okkar að gera það einnig. Óstaðbundin störf er þróun sem opnar ýmsa möguleika fyrir íbúa landsbyggðarinnar þótt stundum virðist meira í orði en á borði þegar kemur að umræðu um fjölgun óstaðbundinna starfa. Sum störf setursins krefjast viðveru í Nýheimum en önnur hreint ekki og því þykir mér mikilvægt að allir íbúar sveitarfélagsins geti sótt um og sinnt störfum fyrir setrið óháð búsetu, hafi þeir áhuga og vilja til.

Öflugt og gott samstarf við íbúa, fyrirtæki og samfélagið í heild er öllu starfi setursins afar mikilvægt og þakka ég af heilum hug þann áhuga og stuðning sem við höfum fundið fyrir við framkvæmd verkefna okkar.

Hugrún H. Reynisdóttir.

Hugrún Harpa Reynisdóttir
 Forstöðumaður, 28. mars 2025



Holtahólar, mynd HHR

Skýrsla stjórnar

Nýheimar þekkingarsetur var stofnað til að efla samstarf aðila er starfa á svið menntunar, menningar, nýsköpunar og rannsókna á Suðausturlandi. Góður árangur hefur náðst og eiga stofnanir Nýheima í góðu samstarfi í þverfaglegum verkefnum og mynda öfluga einingu með víðtæka þekkingu og reynslu. Nýheimar hafa vakið athygli fyrir árangursríkt samstarf og verið fyrirmynd við eflingu þekkingarsamfélaga á landsbyggðinni. Setrið hefur jafnframt í starfi sínu unnið að eflingu tengsla og samstarfs við atvinnulíf svæðisins.

Aðildarstofnanir setursins eru ellefu talsins: Framhaldsskólinn í Austur-Skaftaellssýslu, Fræðsluskrifstofa Hornafjarðar, Háskólafélag Suðurlands, Mátis, Menningarmiðstöð Hornafjarðar, Náttúrustofa Suðausturlands, Ríki Vatnajökuls, Samband sunnlenskra sveitarfélaga, Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands, Vatnajökulspjóðgarður og Vöruhúsið. Fulltrúar í stjórn setursins eru tíu en Mátis hefur kosið að tilnefna ekki fltrúa í stjórn. Árið 2024 voru embætti stjórnar svo skipuð: Lilja Jóhannesdóttir formaður, Ingunn Jónsdóttir varaformaður, Steinunn Hödd Harðardóttir gjaldkeri og Gunnar Þór Jóhannesson ritari. Aðrir stjórnarmenn voru: Eyrún Ævarsdóttir, Þórgunnur Torfadóttir, Lind Völundardóttir, Bjarni Guðmundsson, Sindri Örn Elvarsson og Kristján Guðnason. Haldnir voru sex stjórnarfundir auk ársfundar. Tvær breytingar urðu á stjórnarskipan þegar Valdís Björg Friðriksdóttir tók sæti Kristjáns Guðnasonar sem fulltrúi Ríki Vatnajökuls og Kristín Vala Þrastardóttir tók sæti Eyrúnar Ævarsdóttur sem fulltrúi Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar.

Starf stjórnar var með öðru sniði en verið hefur undanfarin ár því stjórnarfundum var fækkað og í staðinn lögð ríkari áhersla á reglulega fundi í samstarfshópum um stoðir setursins. Stjórn vann á árinu að endurnýjun stefnumörkunar setursins en sú vinna var tækifæri til þess að rýna áherslur, markmið og hlutverk setursins út frá hagsmunum Suðausturlands. Í stefnumörkun er áhersla á að styðja við menntun íbúa og tækifæri til að stunda nám á eigin forsendum í heimabyggð. Einnig er áhersla á að hvetja til frumkvöðla- og nýsköpunarstarfs og að efla rannsóknir á Suðausturlandi með öflugu samstarfi og stuðningi við fólk á svæðinu. Setrið vinnur í þágu samfélags- og byggðapróunar á Suðausturlandi og leggur sérstaka áherslu á félagslega virkni íbúa, fræðslu og valdeflingu samfélagsins og er þátttaka samfélagsins afar mikilvæg öllum verkefnum setursins.

Starfsemi setursins hefur undanfarin ár verið til mikillar fyrirmyndar og vil ég fyrir hönd stjórnar þakka starfsfólki fyrir ánægjuleg samskipti og vel unnin störf.



Lilja Jóhannesdóttir
Formaður stjórnar, 28. mars 2025

Starfsemi Nýheima þekkingarseturs

Segja má að starfsemi ársins hafi verið helguð innra starf setursins, kjarnaverkefnum þess og svæðisbundnum samstarfsverkefnum. Unnið var að gerð stefnuskjala setursins sem innihalda gæðastefnu, persónuverndarstefnu og mannauðsstefnu. Við gerð þeirra var byggt á gæðastefnu Samtaka þekkingarsetra sem Nýheimar þekkingarsetur er aðili að. Þá var einnig unnið að endurnýjun stefnumörkunar sem nær til þriggja ára og gildir fyrir árin 2025-2027. Stefnuskjöl og stefnumörkun voru samþykkt af stjórn á fundi í desember.

Undir lok árs lauk loks vinnu að endurnýjun samnings við háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunar-ráðuneytið (HVIN). Fyrri samningur hafði verið framlengdur til eins árs um nokkurt skeið með tilheyrandi óvissu og óskýrleika. Það var því afar ánægjulegt að skrifa undir nýjan samning sem tók gildi 1. janúar 2025. Samningurinn felur í sér vissa áherslubreytingu frá upphaflegum samningi setursins við þáverandi mennta- og menningarmálaráðuneyti. Nýr samningur kveður á um hlutverk setursins varðandi nám á háskólastigi, nýsköpun og rannsóknir. Hlutverk setursins á sviði háskólaþjónustu er nú skilgreint með skýrari hætti en áður var. Á saman tíma eru málefni menningar, byggðaþróunar og ævimenntunar ekki jafn fyrirferðarmikil og í upphaflegum samningi. Þessi málefni eru aftur á móti meðal markmiða og áherslna í starfi setursins samkvæmt skipulagsskrá. Áfram verður því unnið að þessum málefnum en nú á grundvelli nýs samstarfssamnings við Sveitarfélagið Hornafjörð sem einnig tók gildi 1. janúar 2025. Á grundvelli þess samnings sameinast setrið og Sveitarfélagið Hornafjörður í því verkefni að styðja áfram við öll helstu markmið setursins, samfélagi okkar til heilla.

Samstarf við Sveitarfélagið Hornafjörð heldur áfram að eflast og var það á árinu fest enn frekar í sessi með nýjum samningi. Sá samningur felur í sér samstarf sem snýr að verkefnum HeimaHöfn og Hornafjörður náttúrulega en einnig felur hann í sér að hlutverk byggða- og nýsköpunar fulltrúa sveitarfélagsins flyst yfir til setursins.

Setrið hefur frá upphafi látið sig varða málefni ungs fólks á Hornafirði og hélt sú vinna áfram á nýju ári. Ákveðið var að sækja enn frekar fram með þróun og mótun verkefnisins HeimaHöfn og er óhætt að segja að verkefnið hafi verið umfangsmesta verkefni setursins á árinu. Með HeimaHöfn hefur setrið formgert vinnu sína að málefnum ungs fólks. Áhersla er lögð á að skapa sterkari tengsl við heimabyggðina og auka sýnileika tækifæra í þeim tilgangi að efla byggðafestu og tryggja betur að ungt fólk geti tekið upplýstar ákvarðanir um framtíðarþætti. Verkefnið er fyrsta íslenska byggðaþróunarverkefnið sem unnið er með svo heildstæðum hætti og kjarnast um ungt fólk og eflingu byggðar. Verkefnið felur í sér náið samstarf með ungu fólki, skólum, atvinnulífi, félagasamtökum og öðrum hagaðilum á svæðinu. Áhersla er á að verkefnið verði öðrum samfélögum á landsbyggðinni fyrirmynd og hvatning til vinnu að eflingu byggða og samfélags.



Upphafsviðburður HeimaHafnar, mynd TJ

Eitt þeirra verkefna sem setrið hefur unnið að síðustu ár bar heitið „Staða og líðan ungra karlmannna í landsbyggðarsamfélagi“. Verkefninu lauk í lok árs 2023 og um áramót birtist samnefnd grein um verkefnið í sérhefti Íslenska þjóðfélagsins um byggðarannsóknir (2023, bnd. 14, nr. 2) sem gefið var út af Félagsfræðingafélagi Íslands. Greinin byggir á niðurstöðum rannsóknarverkefnisins sem Nýheimar þekkingarsetur vann að árið 2021 í samstarfi við Önnu Guðrúnu Edvarðsdóttur og Óskar Kristjánsson. Verkefnið hlaut styrk úr Atvinnu- og rannsóknasjóði Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Nýsköpunarsjóði námsmanna. Markmið rannsóknarinnar var að skoða á hvaða hátt samfélagsleg gildi og orðræða hefur áhrif á frammistöðu og líðan ungra karlmannna í því samfélagi sem þeir búa í og hvernig það birtist í námsgengi þeirra, líðan og framtíðaráformum. Niðurstöður gefa til kynna að samfélagsleg gildi og orðræða um ríkjandi karlmennsku hafi áhrif á ungt fólk, sérstaklega unga karla. Nánar má lesa um niðurstöður rannsóknarinnar í greininni.

Um mitt ár fjölgaði í starfsmannahópi setursins þegar Nejra Mesetovic hóf störf hjá setrinu sem verkefnastjóri. Á haustmánuðum sagði Kristín Vala starfi sínu lausu eftir að hafa tekið við starfi forstöðumanns Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar. Eru henni hér færðar bestu þakkir fyrir einstaklega ánægjulegt samstarf síðust ár hjá setrinu með óskum um gæfu í öllum verkum. Þrír starfsmenn störfuðu því hjá setrinu á árinu, meðalfjöldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf voru 2,5. Auk þess kom Sigrún Inga að ýmsum verkefnum í verktöku. Setrið er með skrifstofur á Vesturgangi á neðri hæð Nýheima.



Starfsfólk



Forstöðumaður setursins er Hugrún Harpa Reynisdóttir. Hugrún er með BA próf í félagsfræði og MA próf í umhverfis- og auðlindafræði. Sinnir hún daglegum rekstri setursins, öflun fjármagns og verkefna. Einnig vinnur hún að verkefnastjórnun og framkvæmd verkefna setursins. Jafnframt sinnir hún þjónustu og ráðgjöf til frumkvöðla og fyrirtækja í samstarfi við SASS.

Kristín Vala Prastardóttir starfaði sem sérfræðingur hjá setrinu, hún er með BA próf í spænsku og ferðamálafræði og MS í menningarstjórnun. Kristín Vala sinnti verkefnastjórnun og framkvæmd verkefna setursins og var tengiliður verkefnisins HeimaHöfn. Auk þess sinnti hún þjónustu og ráðgjöf til frumkvöðla og fyrirtækja í samstarfi við SASS. Kristín Vala sagði upp störfum undir lok árs og lauk störfum 1. febrúar 2025.



Nejra Mesetovic er sérfræðingur hjá setrinu, hún er með BS-próf í ferðamálafræði og MS-próf í markaðsfræði. Nejra sinnir verkefnastjórnun og framkvæmd ýmissa verkefna og hefur umsjón með þjónustu við háskólanema. Nejra gegnir hlutverki byggða- og nýsköpunarfulltrúa sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Sigrún Inga Sigurgeirsdóttir starfaði sem verktaki hjá setrinu. Kom hún að afmörkuðum verkþáttum ýmissa verkefna setursins auk viðfangsefna í innra starfi setursins. Sigrún Inga er með MS próf í landfræði ásamt viðbótardiplóma í safnafræði.



Verkefni ársins 2024

Árið var að mestu helgað kjarnaverkefnum setursins og svæðisbundnum samstarfsverkefnum. Samstarfshópar setursins um stoðirnar voru fremur virkir og þá sérstaklega Nýsköpunarnet Hornafjarðar og Menntahvöt Hornafjarðar. Hóparnir eru allir mikilvægur liður í virku samtali samstarfsstofnana setursins um stoðirnar fjórar. Setrið var í fyrsta sinn í langan tíma ekki aðili að erlendu samstarfsverkefni en vann að umsóknum í samkeppnissjóði með erlendum samstarfsaðilum. Umsóknirnar hlutu ekki brautargengi að þessu sinni.

Í ársskýrslu þessari verður fjallað um helstu verkefni ársins en auk þeirra sem hér fá sérstaka umfjöllun eru ótalin smærri samstarfsverkefni og önnur verkefni er snúa að stjórnun og daglegum rekstri setursins.

Námsver Nýheima og þjónusta við háskólanema

Í Nýheimum gefst öllum háskólanemum kostur á að nýta sér námsaðstöðu á Austurgangi. Setrið veitir háskólanemum aðgang að námsverinu sem hefur verið nokkuð vel nýtt af hornfirskum háskólanemum en á árinu voru 22 virkir notendur að námsverinu. Setrið veitir einnig þjónustu í tengslum við próftökur en árið 2024 þreyttu samtals 38 nemar 154 háskólapróf sem er fjölgun frá árinu áður en þá voru nemarnir 36 sem tóku 128 próf. Aldrei hafa verið tekin jafn mörg háskólapróf í Nýheimum. Aðstaða til próftöku er í kennsluveri á Austurgangi.

Setrið leggur áherslu á að skapa hvetjandi námsumhverfi fyrir nemendur þar sem þeim gefst kostur á að vera hluti af fræðasamfélagi og stunda nám á eigin forsendum í heimabyggð. Háskóla-nemar sem nýta þjónustu og aðstöðu í Nýheimum fá einnig aðgang að læstum skáp, eldhúsi, kaffistofu, interneti og fundaraðstöðu í samráði við verkefnastjóra. Nemar sem nýta aðstöðuna gera námsaðstöðusamning við setrið en aðstaðan er nemum að kostnaðarlausu á opnunartíma Nýheima. Fyrir þá nema sem vilja nýta sér húsnæði Nýheima utan opnunartíma er í boði að fá lykil að aðstöðunni gegn 5.000 kr. tryggingu sem endurgreiðist við samningslok. Nemar sem hafa tekið próf í Nýheimum hafa greitt lágmarks próftökugjald en á því varð breyting undir lok árs þegar samningur setursins við ráðuneyti var endurnýjaður. Nýr samningur skilgreinir með skýrari hætti en áður hlutverk setursins hvað varðar stuðning við nám á háskólastigi og var því gjalddtöku vegna próftöku hætt um áramót. Háskólanemar taka því nú próf í Nýheimum þeim að kostnaðarlausu.

Nemendur sem nýtt hafa aðstöðu og þjónustu setursins koma úr röðum flestra háskóla landsins auk erlendra skóla. Setrið hefur í auknum mæli einnig haft umsjón með prófum á sviði símenntunar í samstarfi við skóla og stofnanir. Tólf slík próf voru í umsjón Nýheima á árinu.

Umsjón með þjónustu við háskólanema hefur Nejra Mesetovic.



Heimsókn í Fab Lab t.v. og kynning í Matarsmiðjunni t.h., myndir NM

Ráðgjöf og þjónusta við frumkvöðla og atvinnulíf

Líkt og undanfarin ár hefur starfsfólk setursins sinnt þjónustu og ráðgjöf til frumkvöðla og fyrirtækja í samstarfi við SASS, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga. Hugrún Harpa og Kristín Vala sinntu hlutverki byggðarþróunarfulltrúa SASS í Sveitarfélaginu Hornafirði en svæðið er eitt af sjö atvinnusóknarsvæðum á Suðurlandi. Hlutverk byggðarþróunarfulltrúa eru m.a. ráðgjöf og handleiðsla í tengslum við atvinnuþróun, nýsköpun og menningarmál ásamt upplýsingaöflun og -miðlun á hverju svæði fyrir sig. Einnig vinna byggðarþróunarfulltrúar að svæðisbundnum verkefnum þar sem markmiðið er að stuðla að jákvæðri byggðarþróun á hverju svæði út frá áherslum og áskorunum þeirra.

Byggðarþróunarfulltrúar eru jafnframt fulltrúar og ráðgjafar Uppbyggingarsjóðs Suðurlands á sínum svæðum og sinna því samskiptum við umsækjendur og styrkþega sjóðsins. Sjóðurinn veitir styrki til nýsköpunar- og menningarverkefna tvisvar á ári og eru umsóknarfrestir í mars og október. Fjölmörg hornfirsk verkefni hafa hlotið styrki úr sjóðnum en 27 verkefni hlutu styrk á árinu.

Ráðgjöfin er gjaldfrjálss upp að ákveðnu marki, einstaklingar og fyrirtæki geta nýtt sér sjö klukkustundir í ráðgjöf yfir almanaksárið en stofnanir tuttugu klukkustundir. Hugrún Harpa Reynisdóttir forstöðumaður setursins og Eva Bjarnadóttir verkefnastjóri sinna nú hlutverki byggðarþróunarfulltrúa og þar með ráðgjöf á svæðinu. Eru þær til taks á skrifstofum sínum á Vesturgangi Nýheima og á Fagurhólsmýri í Örafum en einnig má hafa samband með tölvupósti á hugrunharpa@nyheimar.is eða eva@nyheimar.is.

Fjölménning á Suðurlandi

Starfsmenn setursins, ásamt bæjarstjóra og fjölménningarfulltrúa sveitarfélagsins sóttu í janúar vinnustofu í Vík í Mýrdal sem haldin var af SASS og Kötlusetri. Yfirskrift vinnustofunnar var *Inngilding og samfélag* og hana sóttu meðlimir úr fjölménningarráðum Rangárþings eystra og Sveitarfélagsins Hornafjarðar, meðlimir úr Enskumælandi ráði Mýrdalshrepps, fulltrúar sveitarfélaganna fjögurra og byggðarþróunarfulltrúar frá SASS.

Vinnustofan var haldin í tilefni loka annars hluta byggðarþróunarverkefnis SASS og Byggðastofnunar sem ber heitið *Aðgerðaráætlun um sjálfbæra lýðfræðilega þróun miðsvæðisins*. Markmið verkefnisins er að efla jákvæða byggðarþróun og stuðla að sjálfbærri lýðfræðilegri þróun í Rangárþingi eystra, Mýrdalshreppi, Skaftárhreppi og Sveitarfélaginu Hornafirði til lengri tíma. Annar hluti verkefnisins var helgaður stuðningi fyrir sveitarfélögin við að móta og innleiða móttökuáætlanir nýrra íbúa fyrir sín svæði, koma á fót samstarfshópi og stuðla að inngildingu erlendra íbúa á svæðinu.



Heimsókn í Horn Brugghús, mynd NM

Samstarf um stoðir Nýheima

Eitt af megin markmiðum setursins er að stuðla að auknu samstarfi einstaklinga, atvinnulífs, stofnana og opinberra aðila með sérstaka áherslu á menntun, menningu, rannsóknir og nýsköpun. Setrið hefur nú um nokkurt skeið leitt starf samstarfshópa um stoðirnar en í þeim hópum eru fulltrúar aðildarstofnana setursins. Með hópunum hefur verið stuðlað að stöðugu samtali milli stofnana um málefni hversrar stoðar á Suðausturlandi. Það er von okkar að með tímanum tengist fleiri einstaklingar, stofnanir og fyrirtæki starfi hópanna í gegnum ólík verkefni þeirra og viðburði. Á árinu var gert tímabundið hlé á starfi menningarhóps. Að öðru leyti var starf hópanna með svipuðu sniði og fyrri ár.

Nýsköpunarnet Hornafjarðar

Nýsköpunarnetið er samstarfsvettvangur Nýheima þekkingarseturs, Vöruhússins, Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Háskólafréttastofnunar Suðurlands. Markmið netsins er að efla frumkvöðla- og nýsköpuarstarf í sveitarfélaginu og auka aðgengi íbúa að stoðkerfi nýsköpunar. Hópurinn var virkur í starfi sínu eins og undanfarin ár. Auk stöðugar vinnu að upplýsingamiðlun um stoðkerfið, styrktarsjóði, fræðslutækifæri og aðra hagnýta hluti stóð hópurinn fyrir ýmsum viðburðum á árinu. Frumkvöðlakaffið var á sínum stað en auk þess voru nokkrir stærri viðburðir haldnir.

Frumkvöðladagurinn var haldinn í september en þá bauðst íbúum tækifæri til að hitta nokkra af frumkvöðlum sveitarfélagsins og fræðast um störf þeirra. Dagurinn hófst hjá Sindra, forstöðumanni Vöruhússins, þar sem gestir nutu létttra veitinga og fengu áhugaverða kynningu. Sindri sýndi þau fjölbreyttu tæki og tól sem almenningi stendur til boða að nota í Fab Lab. Því næst var farið til Ómars, eiganda Sólskers ehf., sem kynnti aðstöðu Matarsmiðjunnar á Höfn og þau tæki og aðstöðu sem í boði er. Einnig kynnti hann margverðlaunaðar vörur sínar, sagði frá þróun og vinnsluaðferðum og bauð upp á dýrindis smakk. Þá var haldið í Miklagarð þar sem listakonurnar Hanna Dís og Ragnheiður tóku á móti hópnum á vinnustofum sínum. Hanna Dís sagði frá hönnunarferli sínu en hún vinnur mikið með leir, strá og ull og er umhugað um nýtingu afurða. Fjölbreyttir munir voru til sýnis á vinnustofu hennar. Ragnheiður var með gjörning á vinnustofu sinni og sagði frá listaverkum sínum í Plastúru sem voru þar til sýnis. Einnig sýndi Ragnheiður Stúkusalinn sem hún hefur umsjón með og kynnti hugmyndafræðina á bak við hann. Dagurinn endaði svo á kynningu hjá Horni Brugghúsi, þar sem farið var yfir bruggferlið og framtíðaráform brugghússins. Þá sagði Elvar, eigandi staðarins, frá uppbyggingunni á gamla sláturhúsinu, sem heitir í dag Hepputorg. Dagurinn var virkilega vel heppnaður og er óhætt að segja að Hornfirðingar séu ríkir af frumkvöðlum enda mikil nýsköpun í gangi í sveitarfélaginu.



Fláajökull og búskaparhættir, mynd HHR



Umhverfisdagurinn í Nýheimum, mynd HHR

Viðburðurinn *Frumkvöðull í eina kvöldstund* var haldinn í nóvember en þar fengu þátttakendur að kafa ofan í nýsköpunarferlið undir leiðsögn Svövu Bjarkar Ólafsdóttur sérfræðings í nýsköpun og stofnanda RATA. Þátttakendur námskeiðsins voru með fjölbreytta reynslu og hugmyndir sem sköpuðu líflegar og áhugaverðar umræður. Viðburðurinn var ekki bara fræðandi, heldur einnig innblástur fyrir marga til að þróa hugmyndir sínar áfram.

Árið 2023 var frumkvöðlahreiður opnað í Miðbæ en hreiðrið er hluti af netverki fyrir frumkvöðla á Suðurlandi, undir forystu Háskólafélags Suðurlands. Hreiðrið á Höfn er rekið af Sveitarfélaginu Hornafirði en samstarf um frumkvöðlahandleiðslu er við ráðgjafa á vegum Nýheima þekkingarseturs, Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga/SASS, Háskólafélags Suðurlands og Fab Lab / Vöruhússins á Höfn. Notendur Hreiðursins geta fengið vinnuaðstöðu í Miðbæ ásamt handleiðslu ráðgjafa sem mótuð er út frá þörfum frumkvöðulsins. Nokkrir frumkvöðlar geta starfað í Hreiðrinu á sama tíma og njóta því einnig jafningjastuðnings. Í sama rými er nú einnig útleiga á aðstöðu vegna starfa án staðsetningar. Tilgangur Hreiðursins er að styðja við og auka þekkingu á sviði nýsköpunar, vöruþróunar og markaðsmála og fjölga þannig vel skilgreindum og mótuðum verkefnum á svæðinu. Nejra Mesetovic, byggða- og nýsköpunarfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar er tengiliður fyrir leigu á vinnuaðstöðu, byggd@hornafjordur.is.

Menntahvöt Hornafjarðar

Menntahvöt Hornafjarðar er samstarfshópur menntastofnana á Hornafirði. Þessar stofnanir eru Nýheimar þekkingarsetur sem leiðir starf hópsins, Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu, Fræðsluskrifstofa Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Háskólafélag Suðurlands, Rannsóknasetur Háskóla Ísland og Fræðslunetið símenntun á Suðurlandi.

Markmið hópsins og tilgangur er að styðja við menntun íbúa á svæðinu. Áhersla er lögð á miðlun upplýsinga um námstækifæri og þá einkum tækifæri íbúa til menntunar óháð búsetu. Á árinu var áhersla lögð á miðlun upplýsinga um tækifæri til fjarnáms. Á heimasíðu setursins má finna upplýsingar sem teknar hafa verið saman um fjarnám á ólíkum skólastigum (framhaldsskólastig,

háskólastig, aðfaranám að háskólum, símenntun, endurmenntun auk starfsþróunar og annars sveigjanlegs náms).

Á heimasíðu setursins má finna upplýsingar sem teknar hafa verið saman um fjarnám á ólíkum skólastigum (framhaldsskólastig, háskólastig, aðfaranám að háskólum, símenntun, endurmenntun auk starfsþróunar og annars sveigjanlegs náms).

Einnig voru teknar saman upplýsingar um þau fjölbreyttu fjarnámskeið sem símenntunarstöðvar um land allt bjóða og henta fólki á öllum aldri. Framboðið hefur aukist með aukinni eftirspurn eftir sveigjanlegum leiðum til náms og er þar að finna ýmislegt áhugavert, bæði hagnýt námskeið og tómstundanámskeið. Þessar upplýsingar má einnig finna á heimasíðu setursins.

Rannsóknahópur Nýheima


Rannsóknahópur hélt áfram umfjöllun sinni um málefni rannsókna á Suðausturlandi. Hlutverk Nýheima sem vettvangur rannsækenda á Hornafirði var þar í brennidepli. Einnig var fjallað um aðstöðu fyrir rannsækendur sem starfa á svæðinu til lengri eða skemmri tíma. Í því samhengi var ákveðið að vinna að upplýsingaöflun um aðstöðu og þjónustu fyrir rannsækendur í Sveitarfélaginu Hornafirði. Hópurinn mun í framhaldinu vinna að heildarsýn Nýheima á sviði rannsókna.

Í tengslum við önnur verkefni sem setrið kemur að hefur verið leitað til fyrirtækja á svæðinu eftir upplýsingum um tækifæri til rannsóknaverkefna sem gætu tengst starfsemi þeirra. Unnið verður að því að miðla slíkum tækifærum til háskólanema og jafnframt miðla upplýsingum um áhuga rannsækenda til fyrirtækja eftir því sem við á.

Upplýsingum um innlenda og erlenda samkeppnissjóði vegna rannsókna og nýsköpunar verður einnig miðlað og leitast við að gera þá miðlun aðgengilega og markvissa.



Heimsókn til Kristínar Lárusdóttur tamningarmanns í Skaftárhreppi, mynd HHR



Frá janúarráðstefnu Festu, mynd HHR

Innland samstarfsverkefni og þjónustuverkefni

HeimaHöfn

Verkefnið HeimaHöfn hófst á árinu en um er að ræða nýtt samstarfsverkefni Nýheima þekkingarseturs og Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Verkefnið hófst að frumkvæði setursins en á fundi bæjarstjórnar þann 8. febrúar 2024 var samþykkt að sveitarfélagið fjármagnaði hálfst stöðugildi verkefnastjóra á móti þekkingarsetrinu. Staða verkefnastjóra í 50% stöðugildi var þar með tryggð frá 1. mars og til eins árs. Frekari fjármögnun, til að tryggja framhald verkefnisins, var umfangsmikill hluti vinnu verkefnastjóra fyrsta starfsárið. Á síðari hluta ársins bárust þær gleðifréttir að verkefnið hlyti fimm milljóna króna styrk frá fjárlaganefnd. Stuðningurinn tryggir áframhaldandi þróun og framkvæmd verkefnisins á árinu 2025.

Á fyrsta starfsárinu var einnig unnið ötullega að kynningu á verkefninu á ólíkum vettvangi til dæmis með fyrirlestrum og öðrum viðburðum, fjölmiðlaumfjöllun og gerð kynningarmyndbanda að ögleymdri heimasíðu verkefnisins www.heimahofn.is.

Nýheimar þekkingarsetur hefur um árabil beint sjónum sínum að málefnum ungs fólks í sveitarfélaginu og unnið að valdeflingu ungmenna með fjölbreyttum hætti. HeimaHöfn byggir meðal annars á þeirri vinnu. Þar á meðal eru rannsóknir setursins sem hafa falið í sér rýnihópa, viðtöl og viðhorfskannanir sem hafa varpað ljósi á félagsleg tengsl, búsetuval og viðhorf ungmenna til samfélagsins, tækifæra til atvinnu, menntunar og frístunda. HeimaHöfn er þróunarverkefni að norskri fyrirmynd en nálgun, áherslur og verkþættir eru staðfærðir og sniðnir að aðstæðum og þörfum Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Það er mikil vinna að hrinda af stað verkefni af þessari stærðargráðu en sá áhugi og stuðningur sem því hefur verið sýndur er mikil hvatning og væntum við áframhaldandi góðs samstarfs við ólíka aðila.

Verkefnastjóri HeimaHafnar á árinu 2024 var Kristín Vala Prastardóttir en Eyrún Fríða Árnadóttir hefur nú tekið við umsjón verkefnisins.

Markmið HeimaHafnar

Ungt fólk og byggðafesta er sameiginlegt viðfangsefni landsbyggðarsamfélaga. Verkefnið HeimaHöfn beinir sjónum að þróun og sjálfbærni byggðar og samfélags í Sveitarfélaginu Hornafirði, með ungt fólk í forgrunni. Verkefnið miðar að því að styrkja samkeppnishæfni og aðdráttarafl svæðisins sem framtíðarbúsetukosts. Tilgangur þess er enn fremur að þróa og móta heildstæða nálgun á viðfangsefnið sem tekur mið af aðstæðum landsbyggðarsamfélaga á Íslandi og getur orðið öðrum sveitarfélögum fyrirmynd.

Unnið er í nánú samstarfi við ungt fólk og aðra hagaðila, svo sem fulltrúa atvinnulífsins og menntastofnanir á svæðinu. Þátttaka samfélagsins alls er forsenda þess að markmiðum verkefnisins um eflingu byggðar verði náð, ungmennum og samfélaginu öllu til heilla.

HeimaHöfn byggir á ólíkum verkþáttum sem ætlað er að stuðla að jákvæðri upplifun og viðhorfi ungmenna til framtíðarinnar í sveitarfélaginu. Markvisst er unnið að því að efla og viðhalda tengslum við ungmenni á staðnum, efla félagslega virkni þeirra og samfélagsþátttöku. Miðlun upplýsinga um tækifæri til menntunar og atvinnu, viðburði og félagsstarf á svæðinu er mikilvægur liður í verkefninu. Með því að skapa sterkari tengsl við heimabyggðina og auka sýnileika tækifæra er byggðafesta eflað og ungt fólk getur fyrir vikið betur tekið upplýstar ákvarðanir um framtíðarbúsetu.



Kvöldsól á Mýrum, mynd HHR



Myndir frá ýmsum viðburðum HeimaHafnar, myndir HHR

Upphafsviðburður HeimaHafnar


Í septembermánuði var öllum nemendum 9. og 10. bekkjar Grunnskóla Hornafjarðar auk allra staðnema FAS boðið til fyrsta málþings HeimaHafnar þar sem fjallað var um stöðu ungmenna og framtíðina í Sveitarfélaginu Hornafirði. Á málþinginu var verkefnið kynnt og ungmenni hvött til þátttöku. Efnistök málþingsins voru einnig byggð á áherslu fyrsta starfsársins; að víkka sjóndeildarhring ungmenna sem standa frammi fyrir stórum ákvörðunum um framtíð sína að námi loknu og kynna þeim fjölbreytt tækifæri í nærsamfélaginu. Málþingið var sett af Sigurjóni Andræssyni bæjarstjóra en dagskrá þess byggði á sex málstofum þar sem nemendur unnu í hverri þeirra með sérstakt viðfangsefni tengt framtíð ungmenna og áherslum HeimaHafnar. Meðal þess sem fjallað var um í málstofunum var félagslíf, samfélag, samskipti, framtíðin og starfstækifæri.

Uppbrot fyrir nemendur FAS

Á haustmánuðum stóð HeimaHöfn í samstarfi við Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu fyrir mánaðarlegum uppbrotum með fræðslu og valdeflingu fyrir nemendur skólans. Á önninni var lögð áhersla á fjölbreytt tækifæri til náms og starfa á svæðinu.

Fyrirtækjaheimsóknir

Markmið verkefnisins fela í sér að efla tengsl og þekkingu ungmenna á atvinnulífi svæðisins. Í þeim tilgangi voru í samstarfi við FAS skipulagðar heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir á svæðinu. Í október var áhersla á störf háskólamenntaðra og var uppbrot mánaðarins tengt Vísindadögum FAS þar sem nemendur viku frá hefðbundnu námi. Nemendur fengu tækifæri til að kynnast starfsemi



Myndir frá ýmsum viðburðum HeimaHafnar, myndir HHR/ TJ

stofnana Nýheima og ýmissa starfsstöðva innan ráðhússins, ásamt sýslumanni. Í litlum hópum fræddust nemendur um dagleg störf þessara stofnana, menntun starfsfólksins og mikilvægi starfa þeirra fyrir samfélagið í heild. Heimsóknirnar veittu nemendum innsýn í framtíðarmöguleika á sviði atvinnu í sveitarfélaginu. Byggt var á STEAM-nálguninni, sem sameinar greinar á sviði vísinda, tækni, verkfræði, stærðfræði og lista. Nemendahóparnir öfluðu sér heimilda um sín viðfangsefni, heimsóttu starfsstöðvar til að safna frekari upplýsingum og tóku viðtöl við starfsfólk. Gerð var grein fyrir helstu niðurstöðum í stuttum myndböndum.

Fyrirtækið Verkfærni var heimsótt í desember en starfsmenn þess tóku á móti hópnum í Sindrabæ. Fyrirtækið er aðalverktaki framkvæmda þar og var afar áhugavert að fá kynningu á starfsemi þess á þeim vettvangi þar sem einnig gafst tækifæri til að virða húsið fyrir sér í miðju breytingaferlinu. Forsvarsfólk Verkfærni kynnti fyrirtækið, verkefnið í Sindrabæ og þann fjölda iðnmenntaðra einstaklinga sem kemur að framkvæmdinni, hvað iðnmenntun felur í sér og hvernig hún nýtist til fjölbreyttra starfa.

Frumkvöðlafræðsla HeimaHafnar

Uppbrot nóvembermánaðar var helgað frumkvöðlastarfi en þá var haldin vinnustofa með Svövu Björk Ólafsdóttur frumkvöðli og ráðgjafa. Leiddi hún hópinn í vinnu um þróun hugmynda, lausnamiðaða hugsun og tækifæri framtíðarinnar. Nemendum FAS var skipt í hópa sem tókust á við fjölbreyttar áskoranir samfélagsins, svo sem matar- og fatasóun, verðbólgu og húsnaðisframboð fyrir ungt fólk. Nemendahóparnir kynntu svo niðurstöður sínar og greindu frá áskorunum, lausnum og útfærslum. Unnið var með fjölbreytt viðfangsefni og margar hugmyndir kviknuðu.

Hornafjörður náttúrulega

Hornafjörður náttúrulega er verkefni á vegum Sveitarfélagsins Hornafjarðar sem hófst árið 2023. Verkefnið felur í sér innleiðingu samnefndrar heildarstefnu sveitarfélagsins sem byggir á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Aðkoma Nýheima þekkingarseturs að Hornafjörður náttúrulega á árinu 2024 var með sambærilegum hætti og árið áður þar sem þekkingarsetrið fór með verkefnastjórn og vann að verkefninu í nánú samstarfi við sviðsstjóra sveitarfélagsins og starfsfólk stofnana.

Vinna að endurskoðun stefnunnar hófst á árinu en sú vinna mun halda áfram á árinu 2025. Greining á gögnum Íbúakönnunar landshlutanna var einn liður í vinnu að endurskoðun stefnunnar. Íbúakönnunin er umfangsmikil viðhorfskönnun á vegum allra landshlutasamtaka á landsbyggðinni, atvinnuþróunarfélaga og Byggðastofnunar. Könnunin er ætluð öllum íbúum landsins, 18 ára og eldri og er hún lögð fyrir á þriggja ára fresti. Tilgangur könnunarinnar er að varpa ljósi á viðhorf íbúa til búsetuskilyrða, aðstæðna á vinnumarkaði ásamt afstöðu til mikilvægra þátta svo sem hamingju og framtíðaráforma um búsetu.

Með þátttöku í íbúakönnun landshlutanna veita íbúar sveitarfélagsins mikilvæga innsýn í upplifun sína af búsetu á svæðinu. Niðurstöðurnar sýna meðal annars viðhorf íbúa til stöðu 40 málaflokka en þar af falla 17 atriði undir þjónustu sveitarfélagsins. Þátttakendur eru einnig beðnir um að leggja mat á mikilvægi þessara málaflokka.

Verkefnastjórar unnu greiningu á svörum íbúa í Sveitarfélaginu Hornafirði. Farið var yfir niðurstöður með sviðsstjórum sveitarfélagsins og verða þær nýttar til frekari þróunar á stefnunni Hornafjörður náttúrulega.

Auk vinnu að stefnunni sjálfri var unnið að völdum aðgerðum út frá stoðum hennar.




Klófífa, mynd HHR

Á vegum Hornafjörður náttúrulega var áhugi á stofnun ungmennahúss kannaður. Ungmennahús eru félagsmiðstöðvar fyrir ungt fólk á aldrinum 16-24 ára. Áherslur ungmennahúsa eru ólíkar en þau eiga það sameiginlegt að veita stuðning við að koma hugmyndum ungs fólks í framkvæmd og skapa tækifæri fyrir skemmtilega og uppbyggilega afþreyingu. Könnunin var send öllum ungmennum á aldrinum 16-24 ára með lögheimili í sveitarfélaginu.

Sjónum var einnig beint að sorpmálum þar sem unnið var að hagaðilagreiningu og sjálfbærnifræðslu. Haldnir voru fundir með hagaðilum þar sem fjallað var um úrgangsstjórnun og á haustmánuðum var haldinn íbúafundur um málefnið. Fundurinn var skipulagður með það að markmiði að upplýsa samfélagið um úrgangsstjórnun og hvernig bæta megi umhverfið með sameiginlegu átaki, aukinni vitund og réttum aðgerðum. Þátttakendur fengu innsýn í meðhöndlun mismunandi tegunda úrgangs og hvernig draga megi úr eigin kolefnisspori. Líflegar umræður sköpuðust um hvernig samfélagið getur stuðlað að betri úrgangsstjórnun og bættri umhverfisvitund.

Í samræmi við áherslufundinn á samfélagslega virkni íbúa hafa verkefnastjórnar unnið að framkvæmd ýmissa viðburða. Nóvembermánuður hefur verið helgaður félagslegum þáttum og kapp lagt á að skipuleggja viðburði sem hvetja til þátttöku í þeim mánuði. Að þessu sinni var áhersla á viðburði fyrir alla fjölskylduna. Haldið var töfránámskeið fyrir börn á aldrinum 8-12 ára sem vakti mikla lukku og var þátttaka með besta móti. Mikil gleði ríkti á viðburðinum þar sem Einar Aron töframaður sýndi skemmtileg töfrabrögð og kenndi þátttakendum brellur. Einnig var haldið piparkökuleirkvöld fyrir fjölskyldur þar sem börn og foreldrar bjuggu til og skreyttu piparkökur úr leir. Leiðbeinandi á námskeiðinu var Hanna Dís Whitehead.



Ósland, myndir HHR

Samtök þekkingarsetra

Nýheimar þekkingarsetur er aðili að Samtökum þekkingarsetra, netverki þekkingarsetra á landsbyggð-inni sem starfa samkvæmt samningi við ríki. Meðal samningsbundinna verkefna setranna eru rannsóknir og þróun til eflingar byggðar, þjónusta við háskólanema, hagnýting og miðlun þekkingar sem og efling nýsköpunar, atvinnu og samfélagsþróunar. Samtökin hafa þann tilgang að efla samvinnu setranna á landsbyggðinni, gæta sameiginlegra hagsmuna þeirra og efla skilning á mikilvægi starfseminnar. Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir hjá Þekkingarneti Þingeyinga var formaður stjórnar fram að ársfundi í ágúst en með henni í stjórn voru þær Ingunn Jónsdóttir hjá Háskólafélagi Suðurlands og Hanna María Kristjánsdóttir hjá Þekkingarsetri Suðurnesja.

Starfsmenn Nýheima sóttu fimmta ársfund samtakanna sem haldinn var á Húsavík í ágúst. Haldinn var vinnufundur í tengslum við ársfundinn þar sem meðal annars var fjallað um samstarf setranna undir hatti samtakanna, samningagerð við háskóla-, iðnaðar og nýsköpunarráðuneytið og samþykktir samtakanna. Ný stjórn var kjörin á ársfundi, Hanna María Kristjánsdóttir hjá Þekkingarsetri Suðurnesja tók við stöðu formanns og með henni í stjórn eru Elsa Arnardóttir hjá Textílmíðstöð Íslands á Blönduósi og Hugrún Harpa Reynisdóttir hjá Nýheimum þekkingarsetri. Textílmíðstöð Íslands stendur fyrir næsta ársfundi, í ágúst 2025 á Blönduósi.

Erlend samstarfsverkefni

Nýheimar þekkingarsetur hefur frá stofnun tekið þátt í þónokkrum alþjóðlegum samstarfsverkefnum sem flest hafa verið styrkt af Erasmus+, Samstarfsáætlun Evrópusambandsins. Verkefnin hafa verið afar fjölbreytt og þeim fylgt dýrmæt tækifæri til þekkingaryfirfærslu og verkefnaþróunar. Þá hafa þau skilað hagnýtum afurðum sem nýtast setrinu og nærsamfélaginu með ýmsum hætti. Eitt þessara verkefna er Digital communities en það fjallaði um stafræna færni eldri íbúa. Setrinu hlotnaðist sá heiður að kynna verkefnið á uppskeruhátíð Evrópuverkefna sem haldin var í Kólportinu í maí. Þangað var boðið fulltrúum verkefna sem hafa hlotið viðurkenningu sem fyrirmyndarverkefni Erasmus+. Verkefnið var fyrsta Evrópuverkefnið sem setrið stýrði og er þessi góði árangur því einkar ánægjulegur. Á hátíðinni, sem haldin var af Rannís, var Evrópusamvinnu fagnað og voru þar kynnt fjölmörg verkefni sem hafa fengið styrki úr áætlunum ESB. Fulltrúar setursins kynntu Digital communities fyrir gestum hátíðarinnar auk þess sem Hugrún Harpa forstöðumaður setursins tók við viðurkenningu verkefnisins.

Árið var frábrugðið fyrri árum hvað varðar erlent samstarf en í fyrsta sinn í langan tíma var setrið ekki þátttakandi í neinu slíku verkefni. Endurspeglar það á vissan hátt aukna áherslu á kjarnaverkefni setursins og svæðisbundin samstarfsverkefni. Setrið var þó aðili að þremur umsóknum á árinu en allar tengdust þær á einhvern hátt málefnum ungs fólks á landsbyggðinni og höfðu því sterka tengingu við þau kjarnaverkefni sem unnið er að. Umsóknirnar hlutu því miður ekki styrk að þessu sinni en við gerð þeirra komst setrið í tengsl við ýmsa nýja samstarfsaðila í Evrópu.

Undir lok árs sótti setrið ásamt samstarfsaðilum í Noregi og Svíþjóð um styrk til Nordplus vegna undirbúningsfundar og var sú umsókn samþykkt. Um er að ræða undirbúningsfund vegna vinnu að umsókn til Nordplus fyrir verkefni sem fjallar um væntingar og viðhorf ungs fólks til búsetu í landsbyggðarsamfélögum.

Fjölbjóðlegt tengslanet setursins hefur vaxið jafnt og þétt síðustu ár og er ásókn í samstarf við setrið stöðug. Er það til merkis um það góða orðspor sem setrið hefur skapað sér með fyrri samstarfsverkefnum.




Ösland, mynd HHR

Fjárhagur

KPMG ehf. annast bókhalds- og launavinnslu auk endurskoðunar, reikningsskila og skattskila fyrir Nýheima þekkingarsetur. Samkvæmt ársreikningi Nýheima þekkingarseturs fyrir árið 2024 námu rekstrartekjur 43,5 millj. króna. Rekstrarniðurstaða setursins var neikvæð um 530 þúsund krónur og var sú upphæð færð til lækkunar á eigin fé setursins. Opinber framlög frá ríki námu tæpum 24,7 millj. króna samkvæmt ársreikningi. Gefur það til kynna að framlag ríkis hafi lækkað á milli ára en það er ekki raunin. Fyrsta greiðsla ársins 2024 barst í lok árs 2023 og var því bókuð með fyrra ári. Framlög frá SASS vegna samstarfssamnings nam rúmum 7,6 millj. króna og framlög Sveitarfélagsins Horna-fjarðar 2,9 millj. króna. Tekjur af styrkjum úr verkefnasjóðum og aðrar tekjur námu samtals rúmum 8,2 millj. króna. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir setursins rúmum 21,4 millj. króna og bókfært eigið fé í árslok var tæpar 19,5 millj. króna.


Nánari upplýsingar um fjárhag setursins má finna í ársreikningi þess.

Tekjur 2024





■ Opínber framlög HVIN ■ Framlög SASS ■ Styrkir og framlög ■ Framlög SVH

Gjöld 2024



■ Laun og launatengd gjöld ■ Verkefnakostnaður ■ Annar rekstrarkostnaður



Myndir HHR



www.nyheimar.is